

Mánudaginn 24. september 1979.

Nr. 154/1977. Samvinnutryggingar g/t

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Ómari Ægi Kristjánssyni og

Ábyrgð h/f

(Logi Guðbrandsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabætur. Framkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1977. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 135.132 krónur með 13% ársvöxtum frá 25. október 1975 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Ómar Ægir varð fjárráða, eftir að héraðsdómi var áfrýjað, og fer hann sjálfur með mál sitt fyrir Hæstarétti.

Hinn 28. apríl 1977 var stefndi Ómar Ægir dæmdur í sakaðómi Reykjavíkur til að sæta refsingu, 60 daga varðhaldi, vegna atburðar þess, sem í málinu greinir.

Það er ekki sannað, sem haldið er fram af áfrýjanda, að bifreiðin R 5120 hafi kastast á bifreiðina X 3143, eftir að fyrrnefnda bifreiðin hafði stöðvast. Líkur eru að því leiddar, að ökumaður bifreiðarinnar X 3143 hafi eigi gætt að fullu reglna 5. mgr. 45. gr., sbr. og 49. gr., umferðarlaga nr. 40/1968 um ökuhraða. Eins og hér stendur sérstaklega á, þykir þó ekki af þeirri ástæðu efni til að skipta tjóni, sem varð á bifreið hans, þegar þess er gætt, að stefndi Ómar Ægir átti yfirgnæfandi sök á spjöllumum á bifreiðinni með stórlega vítaverðum akstri sínum í umrætt sinn.

Ber því að taka kröfur áfrýjanda að fullu til greina.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 200.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Ómar Ægir Kristjánsson og Ábyrgð h/f, greiði óskipt áfrýjanda, Samvinnutryggingum g/t, 135.132 krónur með 13% ársvöxtum frá 25. október 1975 til greiðsludags og 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. júní 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. júní sl., er höfðað af Samvinnutryggingum g/t, Ármúla 3, Reykjavík, með stefnu, birtri 3. maí 1976, gegn Kristjáni G. Jóhannssyni vélstjóra, Sæviðarsundi 42, Reykjavík, vegna ófjárráða sonar hans, Ómars Ægis Kristjánssonar, til heimilis á sama stað, og Ábyrgð h/f, tryggingarfélagi bindindismanna, Skúlagötu 63, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að endurgreiða kr. 135.132 með 13% ársvöxtum frá 25. október 1975 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í málinu og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Sáttatilraunir voru reyndar án árangurs.

Málavextir eru þeir, að rétt fyrir kl. 0130 aðfaranótt laugardagsins 25. október 1975 ók Ómar Ægir Kristjánsson bifreið sinni, R 42252, sem er Buick fólksbifreið, niður Ármúla og áfram austur Suðurlandsbraut. Hann mun hafa ekið greitt, og hafa sjónarvottar giskað á, að hraði bifreiðarinnar hafi verið allt frá 60 til 90 km á klst. Ómar Ægir var undir áhrifum áfengis, og alkóhólrannsókn á blóði hans leiddi í ljós, að í því voru 1.95‰ af vínanda. Á móts við verslunarhús Gunnars Ásgeirssonar h/f við Suðurlandsbraut 16 virtist sjónarvottum sem bifreiðin stefndi

upp á graseyju, sem er á milli götunnar og húsagötu við verslunarhúsin, sem þar standa, en áður en svo fór, hafi bifreiðarstjórinn beygt til vinstri, sem hafði þær afleiðingar í för með sér, að árekstur varð á hægri vegarhelmingi á milli bifreiðarinnar og leigubifreiðarinnar R 5120, sem kom austan Suðurlandsbraut. Í leigubifreiðinni voru fjórir farþegar, og slösuðust þeir allir meira og minna og einnig ökumaður. Í bifreiðinni R 42252 voru einnig fjórir farþegar, sem ökumaður hafði boðist til að aka, og slösuðust þeir einnig og enn fremur ökumaður.

Í lögregluskýrslu er skemmdum á bifreiðinni R 42252 lýst þannig, að hægri hlið sé mikið dælduð. Skemmdum á bifreiðinni R 5120 er lýst svo, að framhluti sé allur farinn af, vinstri hlið öll dælduð, brotin framrúða og stýri. Á ljósmyndum, sem lagðar hafa verið fram í réttinum af árekstri þessum, sést, að báðar bifreiðarnar snúa skáhallt út af akrein þeirri, sem liggur til vesturs.

Þá lenti og bifreiðin X 3143 í árekstri með þeim hætti, að hún rakst aftan á bifreiðina R 5120, og er skemmdum á bifreiðinni lýst þannig í lögregluskýrslu, að hægra framaurbretti, vélarhlíf, framhöggvari og grill sé dældað.

Af hálfu aðilja málsins var því lýst yfir, að þeir mundu ekki leiða þau vitni fyrir rétt, sem gefið hefðu skýrslur fyrir rannsóknarlögreglu og sakadómara.

Eigandi og ökumaður bifreiðarinnar X 3143 var Guðlaugur Gunnar Björnsson, og skýrði hann svo frá fyrir rannsóknarlögreglu hinn 25. október 1975, að hann hefði ekið nokkurn spöl eftir bifreiðinni R 5120 og hafi hraðinn verið um 40 til 50 km á klst. Hann hafi svo skyndilega séð þá bifreið takast á loft og koma á móti sér og þá hafi hann strax nauðhemlað. Er hann hafi farið að hugleiða málið eftir á, kvaðst hann hafa munað, að sér hafi þótt bilið það langt að hinni bifreiðinni, að nægur tími hefði verið fyrir sig að stöðva, og því telja fullvíst, að sín bifreið hafi verið stöðvuð, er áreksturinn hafi orðið milli hennar og R 5120, en sú bifreið hafi kastast aftur á bak, er hún hafi lent í árekstrinum við R 42252. Þrír farþegar voru í bifreiðinni X 3143, og sluppu þeir allir við meiðsl og einnig ökumaður. Guðlaugur Gunnar gaf skýrslu fyrir sakadómara 12. febrúar 1977, og er hún efnislega samhljóða þeirri skýrslu, sem hann gaf fyrir rannsóknarlögreglu. Farþegarnir í bifreiðinni X 3143, þau Óskar Björnsson og Sesselja Jónsdóttir, komu bæði fyrir dóminn, en gátu í engu lýst aðdraganda árekstursins né honum

sjálfum. Vitnið Kristín Þórarinsdóttir, sem var einnig farþegi í bifreiðinni X 3143, kom fyrir dóminn og lýsti aðdraganda árekstursins þannig, að hún hefði séð, þegar árekstur varð á milli bifreiðanna R 42252 og R 5120. Þá hefði verið töluverð fjarlægð á milli R 5120 og X 3143, en samt ekki mjög mikil. Bifreiðin X 3143 hefði verið á mjög litlum hraða og hefði öku- maður hemlað strax, en hann hefði örugglega tekið eftir árekstrinum um svipað leyti og vitnið. Vitnið taldi, að R 5120 hefði ekki verið orðin kyrrstæð, þegar X 3143 lenti á henni, heldur hefði hún komið á móti bifreiðinni. Þeir sjónarvottar, sem urðu vitni að árekstri bifreiðanna R 5120 og X 3143, gáfu skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu.

Þorgeir Jónsson sagðist hafa séð, að bifreiðin X 3143 hefði verið nokkurn spöl á eftir bifreiðinni R 5120, áður en áreksturinn varð. Sér hefði fundist hún vera á eðlilegum hraða, en nokkuð lengi að stöðvast miðað við hraðann. Þorgeir kvaðst halda, að leigubifreiðin hefði verið orðin kyrrstæð, er bifreiðin X 3143 hafi lent aftan á henni.

Hjörtur Nielsen sagði, að leigubifreiðin hefði snöggstöðvast við áreksturinn og kastast til hliðar, jafnvel aðeins aftur á bak. Hann hafi séð til bifreiðarinnar X 3143, áður en hún hafi lent í árekstrinum. Bifreiðinni hafi verið hemlað og hafi hún runnið á bifreiðina R 5120, en sú bifreið hafi verið kyrrstæð, þegar bifreiðin X 3143 hafi lent á henni. Hjörtur sagðist ekki hafa tekið eftir neinu óeðlilegu við akstur X 3143, en bifreiðin muni hafa verið skammt á eftir bifreiðinni R 5120.

Ríkharður Sverrisson sagðist hafa séð, að bifreiðin X 3143 hefði lent á bifreiðinni R 5120, en þá hafi sú bifreið verið orðin kyrrstæð. Hann kvaðst ekki hafa séð neitt óeðlilegt við akstur bifreiðarinnar X 3143.

Samræmi er á milli framburðar þessara sjónarvotta fyrir rannsóknarlögreglu og fyrir sakadómara.

Af hálfu stefnanda, er því haldið fram, að stefndi Ómar Ægir hafi valdið árekstrinum á milli R 5120 og X 3143 með vítaverðum ölvunarakstri, sem fyrst hafi leitt til árekstrar bifreiðar hans og bifreiðarinnar R 5120, og sé tjónið, sem orðið hafi á bifreiðinni X 3143, bein afleiðing þess árekstrar. Við áreksturinn á milli bifreiðarinnar R 42252 og bifreiðarinnar R 5120 hafi síðari bifreiðin kastast spöl austur á bóginn á móti bifreiðinni X 3143, en það megi ráða af líkum, sem jafna megi til sönnunar. Ökumaður X 3143 hafi nauðhemlað, þegar hann hafi séð árekst-

ur R 42252 og R 5120. Sönnunarbyrðin hljóti því að velta yfir á varnaraðilja um það, að tjónið á bifreiðinni X 3143 sé ekki afleiðing af fyrri árekstrinum, en sá árekstur sé fallinn til þess að valda svona tjóni. Ekki skipti máli, hvort leigubifreiðin hafi verið stöðvuð eða ekki, þegar áreksturinn milli hennar og bifreiðarinnar X 3143 hafi orðið, heldur hitt, að leigubifreiðin hafi kastast aftur á bak. Fyrri áreksturinn hafi gerst með svo snögguum hætti, að ökumanni bifreiðarinnar R 5120 hafi ekki gefist tími til að hemla og því hafi ökumaður bifreiðarinnar X 3143 ekki séð nein hemlaljós á þeirri bifreið. Hann hafi því ekki haft ástæðu til þess að hemla þess vegna, en sú regla, að ökumaður eigi að geta stöðvað bifreið sína á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem sé á milli hennar og bifreiðar næst á undan, sé miðuð við það, að þá sé allt með felldu framundan. Þessi vegalengd hafi í þessu tilviki styst við þau afbrigði, að bifreiðin R 5120 hafi kastast aftur á bak. Hemlaför X 3143, 10 m, séu engan veginn óeðlileg. Ekki sé hægt að byggja matið á fjarlægðinni á útreikningum þeim, sem viðhafðir séu af hálfu stefndu. Sannað sé, að hraði bifreiðarinnar X 3143 hafi verið lítill. Þess beri að gæta, hefði bifreiðin R 5120 ekki verið þarna á milli, þá hefði að líkindum orðið árekstur á milli bifreiðarinnar R 42252 og bifreiðarinnar X 3143. Þá hefði eigandi bifreiðarinnar R 42252 þurft að greiða eiganda bifreiðarinnar X 3143 það tjón, sem orðið hefði.

Stefndi beri ásamt hinu stefnda váttryggingarfélagi, sem tryggt hafi bifreið hans lögboðinni ábyrgðartryggingu, óskipta fébótaábyrgð á öllu því tjóni, sem af árekstrinum hafi hlotist, sbr. 68., 69., 70. og 74. gr. umferðarlaga.

Stefnandi, sem selt hafi eiganda bifreiðarinnar X 3143 húftryggingu, hafi bætt honum tjón hans og hafi því skv. 25. gr. laga nr. 20/1954 öðlast rétt eigandans á hendur stefndu.

Af hálfu stefndu er viðurkennt, að akstur Ómars Ægis hafi verið gálaus, en þó ekki jafnvítaverður og stefnandi vilji vera láta. Bifreið stefnda Ómars sé þung og hafi slegið leigubifreiðinni til hliðar og hafi hreyfing hennar orðið þversum á götunni, en ekki beint aftur á bak og megi sjá af ljósmyndum, að þessi staðhæfing sé rétt. Af hálfu stefnda, er enn fremur viðurkennt, að akstur bifreiðarinnar X 3143 hafi verið eðlilegur að öðru leyti en því, að hann hafi verið það nálægt bifreiðinni R 5120, að hann hafi ekki getað stöðvað bifreiðina á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem á milli þeirra hafi verið, eins og ökumönnum beri skylda til samkvæmt 49. gr. umferðarlaga, en ákvæði þess-

arar lagagreinar séu einmitt miðuð við það, að ekki sé allt með felldu framundan. Þetta megí sjá af því, að hafi hraði bifreiðarinnar verið 50 km á klst., þá sé henni ekið u. þ. b. 14 m, áður en ökumaður náí að hemla. Hemlunarvegalengd bifreiðarinnar hafi mælst 10 m og hafi fjarlægðin þá verið 24 m á milli bifreiðanna, en skv. 49. gr. hefði sú fjarlægð átt að vera 72 m. Árekstrana verði að skoða sjálfstætt hvorn fyrir sig og það valdi ekki bótaskyldu alfarið, að um ölvunarakstur hafi verið að ræða, og sé ekki hægt að leggja bótaskyldu á stefndu vegna áreksturs bifreiðanna R 5120 og X 3143, vegna þess að þar hafi verið um að ræða árekstur með þeim hætti, að ökumaður bifreiðarinnar X 3143 hafi ekið aftan á bifreiðina R 5120. Þess beri og að gæta, að bifreiðin R 5120 hafi verið kyrrstæð, þegar bifreiðin X 3143 hafi verið ekið aftan á hana. Því sé alfarið mótmælt, að í þessu tilviki snúist sönnunarbyrðin við, og því verði stefnandi að sanna, að stefndi hafi valdið síðari árekstrinum með akstri sínum, en sú sönnun hafi ekki tekist. Af þessum sökum beri að sýkna stefndu. Skoða verður árekstur bifreiðanna R 5120 og X 3143 sjálfstætt að öðru leyti en því, að áreksturinn milli R 42252 og R 5120 gerir það að verkum, að bifreiðin R 5120 stöðvast skyndilega. Enda þótt bifreiðin kunni að hafa kastast eitthvað aftur á bak við áreksturinn við bifreið stefnda, verður ekki á það fallist að það hafi stytt vegalegdina á milli bifreiðanna R 5120 og X 3143 sem nokkru nemur. Þá ber þess að gæta, að þrír sjónarvottar bera það, að bifreiðin R 5120 hafi verið kyrrstæð, þegar áreksturinn á milli hennar og bifreiðarinnar X 3143 varð.

Þrátt fyrir orðalag 2. mgr. 49. gr. laga nr. 40/1968 þykir verða að meta, af hvaða ástæðum bifreið sú, sem ekið er aftan á, er stöðvuð. Í því tilviki, sem hér um ræðir, leikur ekki vafi á ástæðunni. Með vítaverðum ölvunarakstri sínum þykir ökumaður bifreiðarinnar R 42252 hafa átt að meginhluta til sök á því, að árekstur verður á milli bifreiðanna R 5120 og X 3143.

Ökumaður X 3143 þykir ekki að fullu hafa gætt skyldu sinnar skv. framangreindri lagagrein. Þegar litið er til þess, að hann segist sjálfur hafa séð, þegar áreksturinn á milli bifreiðanna R 42252 og R 5120 verður og þá þegar hemlað án þess þó að geta forðast árekstur, þykir hann eiga sjálfur nokkurn þátt í því, að áreksturinn verður.

Samkvæmt framansögðu þykir sakarskipting hæfilega ákveðin þannig, að ökumaður bifreiðarinnar R 42252 beri 2/3 hluta sakar, en ökumaður bifreiðarinnar X 3143 1/3 hluta sakar.

Kröfugerð stefnanda er ekki mótmælt af hálfu stefndu, hvað tölur snertir.

Ber því að dæma stefndu til að greiða stefnanda in solidum kr. 90.088 með 13% ársvöxtum frá 25. október 1975 til greiðsludags.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000.

Dóm þennan kvað upp Friðgeir Björnsson, settur borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Kristján G. Jóhannsson vegna ófjárráða sonar síns Ómars Ægis og Ábyrgð h/f, greiði in solidum stefnanda, Samvinnutryggingum g/t, kr. 90.088 með 13% ársvöxtum frá 25. október 1975 til greiðsludags og kr. 50.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. september 1979.

Nr. 116/1977. **Björn Stefánsson**
Einar Stefánsson og
Jóhanna Stefánsdóttir
 (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Skógarstrandarhreppi
Ólafi Guðmundssyni og
Leifi Jóhannessyni
 (Sigurður Ólason hrl.).

Sameign. Krafa um ógildingu landsleigu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigur-geir Jónsson og Arnlfjótur Björnsson prófessor.

Afrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 8. júlí